

Ráð frá UNICEF á Íslandi til ungmennaráða sveitarfélaga

Handbók um merkingarbæra þátttöku ungmennaráða





Gefið út af UNICEF á Íslandi.

Febrúar 2023.

Ábyrgðaraðili er Inger Erla Thomsen.

Útgáfa þessarar handbókar er studd af áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt (Rights, Equality and Citizenship Programme 2014 - 2020).

Sérstakar þakkir: Brynjar Bragi Einarsson, Hjördís Freyja Kjartansdóttir, Ólafur Bergur Ólafsson og Telma Ósk Þórhallsdóttir.



**Fjármagnað af
Evrópusambandinu**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Tilgangur og uppsetning handbókar.....	5
Aðdragandi.....	6
Fræðilegur bakgrunnur.....	7
Fær ungmennaráðið nægar upplýsingar?.....	8
Hvernig getur ungmennaráðið fengið meiri upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins?..	9
Getur ungmennaráðið aflað sér þeirra upplýsinga sem það þarf sjálft?.....	9
Hafa ungmennaráðsliðar fengið þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að geta myndað sér skoðun?.....	10
Getur starfsmaður ungmennaráðs upplýst það frekar?.....	10
Hugmyndir að fjórum markmiðum starfsmanns.....	10
Er góð undirstaða í ungmennaráðinu?.....	11
Hvernig má tryggja að ungmennaráðið þekki vel til starfsemi sveitarfélagsins?.....	12
Hvernig er hægt að passa upp á að ungmennaráðsliðar þekkist innbyrðis og líði vel.....	12
Hefur ungmennaráðið raunverulegt vægi innan sveitarfélagsins?.....	13
Eru ungmennaráðsliðar metnir að sömu verðleikum og aðrir?.....	14
Reynslusaga frá Reykjanesbæ.....	14
Er ferlar til staðar sem tryggja miðlun á skoðunum ungmennaráðsins?	
Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum ungmennaráðsins?.....	15
Hver eru umsvif ungmennaráðsins?.....	16
Hver er sýnileiki ungmennaráðsins í sveitarfélaginu?.....	17
Skýr rammi ungmennaráðs.....	17
Hvernig er fundum ungmennaráðsins háttað?.....	18
Dæmi um fundarboð með fundardagskrá.....	19
Dæmi um fundargerð.....	20

Er góð eftirfylgni með þeim málum sem ungmennaráðið varða?.....	21
Dæmi um hvernig eftirfylgni með máli getur litið út.....	22
Hvernig er hægt að tryggja eftirfylgni með málum sem ungmennaráðið tekur fyrir?.....	23
Hvernig geta meðlimir ungmennaráðsins verið vissir um að þeirra mál fari lengra?.....	23
Hvernig er samsetning ráðsins?.....	24
Hvernig getur ungmennaráðið tryggt að fjölbreyttar skoðanir og sjónarmið komi fram?.....	25
Reynslusaga frá Akureyrarbæ.....	25
Leiðin að vel samsettu ungmennaráði.....	26
Geta sem flest ungmenni í sveitarfélaginu tekið þátt með einum eða öðrum hætti?.....	26
Hvers vegna aldurinn 13-18 ára?.....	26
Ráð ungmenna til ráðamanna.....	27
Hjálplegir tenglar og heimildir.....	28

12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varðar, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Inngangur

Tilgangur og uppsetning handbókar

UNICEF á Íslandi gefur hér út ráð til ungmennaráða og sveitarfélaga um hvernig efla megi starf ungmennaráða og tryggja þannig merkingarbæra þátttöku barna og ungmenna í sveitarfélögum. Merkingarbær þátttaka barna og ungmenna er mikilvægur liður í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er hluti af því sem sveitarfélög þurfa að huga að til þess að fá viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag. Ráðin frá UNICEF eru opin öllum þeim sem vilja. Handbókin inniheldur hagnýt ráð og tillögur sem ungmennaráð geta nýtt sér til að sinna sínum skyldum og hámarka árangur sinn til áhrifa eftir bestu getu. Með ráðunum er markmiðið að tryggja framgang 12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og merkingarbæra þátttöku barna í starfsemi sveitarfélaga.

RÖDD

Veita upplýsingar við hæfi og tryggja að börn geti tjáð skoðanir sínar

- Hafa börn fengið þær upplýsingar sem þau þurfa til að geta myndað sér skoðun?
- Eru börn upplýst um að þau þurfi ekki að taka þátt?
- Hafa börn fengið að velja milli ólíkra valkosta um hvernig þau geti tjá sig?

RÝMI

Skapa öruggt rými fyrir öll börn til að tjá skoðanir sínar

- Hefur verið leitað með virkum hætti eftir skoðunum barna?
- Er til öruggt rými þar sem börn geta tjáð sig frjálsslega?
- Hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja að öll börn geti tekið þátt?

ÁHEYRN

Tryggja að skoðunum barna sé miðlað til aðila sem bera ábyrgð á því að taka tillit til þeirra

- Er ferli til staðar sem tryggir miðlun á skoðunum barna?
- Vita börn til hvers eða hverra stendur til að miðla skoðunum þeirra?
- Hefur sá aðili eða stofnun sem hlustar vald til þess að taka ákvarðanir?

ÁHRIF

Tryggja að tekið sé tillit til skoðana barna og brugðist sé við þeim þar sem á við

- Var tekið tillit til skoðana barnanna af hálfu þeirra sem hafa vald til að koma á breytingum?
- Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum barnanna?
- Hafa börnin fengið endurgjöf sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið?

Mynd 1. Þátttökulíkan Lauru Lundy byggt á þýðingu Vigdísar Fríðu Þorvaldsdóttur.

Aðdragandi

Á vormánuðum 2022 bauð UNICEF á Íslandi upp á heilsdagsvinnustofur um merkingarbæra þátttöku barna fyrir ungmennaráðin í þeim sveitarfélögum sem vinna að því að fá viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög. Á námskeiðunum fengu þátttakendur ítarlega fræðslu um hvað felst í merkingarbærri þátttöku og tækifæri til þess að kynnst starfi annarra ungmennaráða í gegnum kynningar og skapandi æfingar. Alls voru vinnustofurnar sex talsins og þátttakendur um hundrað. Á hverju námskeiði lagði hvert og eitt ungmennaráð fram ráð til ráðamanna um hvernig megi styðja við ungmennaráðin þannig að þau geti betur sinnt hlutverki sínu og haft raunveruleg áhrif í samræmi við 12. grein Barnasáttmálans. Allir þátttakendur fengu tækifæri til þess að kjósa mikilvægustu ráðin að þeirra mati. Þau ráð sem fengu flest atkvæði eru nú orðin gagn sem við köllum „ráð til ráðamanna“. Ráðunum hefur UNICEF dreift til allra sveitarfélaga á landinu ásamt hvatningu til þeirra um að bæta aðstæður ungmennaráða með ráðin frá þeim til hliðsjónar. Nálágast má „ráð til ráðamanna“ á bls. 27.

Í kjölfar námskeiðanna bauð UNICEF ungmennaráðunum að nýta sér sérstakt matstæki ungmennaráða sem UNICEF lét þróa en það miðar að því að leggja ungmennaráðum og sveitarfélögum til aðferð til að meta stöðu ungmennaráðsins innan sveitarfélagsins. Með matstækinu fylgja verkfæri og ráð fyrir sveitarfélögin til þess að þróa starf ungmennaráða. Matstækinu er skipt í sex þætti; upplýsingar, undirstaða, vægi, umsvif, eftirfylgni og samsetning.

Hér er að finna hagnýt ráð sem nota má til þess að styrkja starf ungmennaráða víða um land. Ráðin byggja á gögnum frá þeim ungmennaráðum sem nýttu sér matstækið ásamt sams konar handbókum og þessari frá UNICEF erlendis, sem aðlagðar hafa verið að íslenskum aðstæðum. Ráðunum er skipt í þá sex þætti sem teknir voru fyrir í matstækinu: **upplýsingar**, **undirstaða**, **vægi**, **umsvif**, **eftirfylgni** og **samsetning**. Ráðin eru hagnýt og fela í sér hugmyndir að auðveldum leiðum til þess að efla ungmennaráð um allt land með Barnasáttmálann til hliðsjónar.

Orðið þátttaka (e. participation) hefur mismunandi merkingu eftir tungumálum. Því er mikilvægt að skýrt sé hvað átt er við í þessari handbók þegar talað er um þátttöku barna og ungmenna. Þátttaka þýðir að vera með í einhverju og eiga aðild að máli. Merkingarbær þátttaka er það ferli sem viðurkennir rétt barna og ungmenna til þess að taka þátt af alvöru í málum sem þau varða og hafa áhrif á það hvað gerist í tilteknum málum.

Fræðilegur bakgrunnur

Við gerð handbókar þessarar var stuðst við matstækið eftir Vigdís Fríðu Þorvaldsdóttur, þátttökulíkan Laura Lundy og þátttökuprep Harry Shier.

Laura Lundy er einn helsti sérfræðingur heims í samfélagslegri þátttöku barna. Þátttökulíkan Lundy er leiðbeinandi um þá grundvallarþætti sem horfa þarf til þegar haft er samráð við ungmenni. Lundy bendir á að það eitt að gefa barni tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri tryggir ekki að réttmætt tillit sé tekið til skoðana þess. Jafnframt skiptir máli hver er að hlusta, á hvaða vettvangi barnið fær að tjá sig og hvaða áhrif rödd þess hefur. Þátttökulíkan Lundy skiptist í fjóra þætti sem sjá má á mynd 1, bls. 5.

Með þátttökuprepum sínum reynir fræðimaðurinn Harry Shier að varpa ljósi á hvað þarf að gera til þess að ná markmiðum 12. greinar Barnasáttmálans. Því ofar sem komist er í þrepakerfi Shier því meira samráð á sér stað á milli fullorðinna og barna. Þátttökuprepin beinast að fullorðnu fólki í stjórnsýslunni, þau má sjá á mynd 2.

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, höfundur matstækisins, rannsakaði samráð við börn þar sem horft var til reynslu barna sem tekið hafa þátt í samráði á vegum stjórnsýslunnar. Auk þess kannaði hún skipulag, virkni og áhrif ungmennaráða á Íslandi. Handbók þessari er skipt upp í grunnþættina sex sem matstækið byggir á. Myndir 1, af þátttökulíkani Lundy, og 2, af þátttökuprepum Shier, byggja á töflum og þýðingu Vigdísar Fríðu.

Þátttökuprep	Byrjanir	Tækifæri	Skuldbindingar
1. Hlustað er á skoðanir barna BYRJA HÉR	Ertu tilbúin/n að hlusta á börn?	Vinnur þú á þann hátt sem gerir þér kleift að hlusta á börn?	Er til stefna sem krefst þess að hlustað sé á börn?
2. Börn fá stuðning við að tjá skoðun sína	Ertu tilbúin/n að styðja börn við að tjá skoðun sína?	Ertu með fjölda af leiðum sem hjálpa börnum að tjá skoðun sína?	Er til stefna sem krefst þess að stutt sé við börn til að tjá skoðanir sínar?
3. Tekið er mið af skoðunum barna	Ertu tilbúin/n til að taka mið af skoðunum barna?	Gerir ákvarðanatökuferlið þér kleift að taka mið af sjónarmiðum barna?	Er til stefna sem krefst þess að skoðanir barna fái mikið vægi við ákvarðanatöku?
4. Börn taka þátt í ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að leyfa börnum að taka þátt í ákvarðanatöku?	Er til ferli sem gerir börnum kleift að taka þátt í ákvarðanatöku?	Er til stefna sem krefst þess að börn taki þátt í ákvarðanatöku?
5. Börn deila valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að deila einhverju af þínu valdi með börnum?	Er til ferli sem gerir börnum og fullorðnum kleift að deila valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku?	Er til stefna sem krefst þess að börn deili valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku?

Mynd 2. Þátttökuprep Harry Shier byggt á þýðingu Vigdísar Fríðu Þorvaldsdóttur.

Fær ungmennaráðið nægar upplýsingar?

Upplýsingagjöf til ungmennaráða getur verið virkilega misjöfn og fer oft eftir sveitarfélagi eða þeim starfsmanni sem starfar með ungmennaráðinu. Mörg ungmennaráð fá flestar þær upplýsingar og gögn sem þau leita eftir og þurfa til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir um tiltekin mál. Víðast hvar vantar þó frekari upplýsingar um störf og stöðu á verkefnum í nefndum og ráðum sveitarfélaga. Góð upplýsingagjöf skal vera hornsteinninn í starfi ungmennaráða þar sem ungmennaráð, líkt og önnur ráð eða nefndir innan sveitarfélaga, getur ekki tekið upplýstar ákvarðanir varðandi mál sem þau varða ef þau hafa ekki allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um tiltekið mál sem til umræðu er.



Hvernig getur ungmennaráðið fengið meiri upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins?

Til þess að hafa áhrif innan sveitarfélagsins er nauðsynlegt fyrir alla meðlimi ungmennaráðs að þekkja starfsemi sveitarfélagsins vel, eða a.m.k. eins vel og unnt er. UNICEF hvetur öll sveitarfélög til þess að hlúa að reglubundinni fræðslu til ungmennaráðs um störf og stjórnsýslu sveitarfélagsins, um stöðu verkefna og hvað er á döfinni innan sveitarfélagsins. Það má til dæmis gera með minnisblaði frá fulltrúum í nefndum, ráðum og í sveitarstjórn eða öðrum þeim sem eru vel inni í flestum málum sem sveitarfélagið tekur fyrir. Ungmennaráðið getur þá haft þetta sem dagskrárlið á ungmennaráðsfundi.

Getur ungmennaráðið aflað sér þeirra upplýsinga sem það þarf sjálft?

Flest sveitarfélög hafa góðar og gagnlegar upplýsingar um þau mál sem til umræðu eru í byggðaráði eða sveitarstjórn. Gott getur verið fyrir ungmennaráð að fylgjast vel með t.d. fundargerðum hjá ráðum og nefndum sveitarfélagsins því með þeim hætti getur ungmennaráðið rætt mál sem þau vita að eru til umræðu í sveitarfélaginu ásamt þeim málum sem ungmennaráðið vill ræða. Þetta er í raun eitt af lykilhlutverkum starfsmanns ungmennaráðsins, bæði að fylgjast vel með því sem er á dagskrá sveitarstjórnar og í öðrum ráðum og nefndum, og að minna ráð og nefndir á að senda ungmennaráði upplýsingar um fundardagskrá með góðum fyrirvara svo ungmennaráðið geti sent inn tillögur sínar fyrir fundi ráðanna. Ungmennaráðsliðar þurfa einnig að sjá til þess að þau séu vel undirbúin fyrir fundi og kynna sér þau mál sem til umræðu eru og þær upplýsingar sem þau hafa fengið, eftir bestu getu.

Hafa ungmennaráðsliðar fengið þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að geta myndað sér skoðun?

Upplýsingar eru lykilatriði til þess að ungmennaráðsliðar geti myndað sér skoðun. Með því að mynda vel ígrundaða og upplýsta skoðun geta ungmennaráðsliðar haft meira til málanna að leggja. Upplýsingar um mál geta fengist á netinu og frá fólki sem þekkir til. Mikilvægt er þó að hafa gagnrýna hugsun í huga þegar upplýsingar eru fengnar. Ef ungmennaráð hefur þörf á sérstakri fræðslu eða kynningu vegna einstakra mála, skal starfsmaður ráðsins gera ráðstafanir þannig að því sé komið við. Til dæmis er algengt að það komi fulltrúi frá nefnd eða ráði á fund ungmennaráðs og kynni ákveðin mál.

Getur sá starfsmaður sem starfar með ungmennaráði upplýst það frekar?

Starfsmaður sem sinnir utanumhaldi, upplýsingagjöf og samskiptum milli ungmennaráðs og annarra innan sveitarfélagsins er hornsteinninn í árangursríku ungmennaráðsstarfi. UNICEF á Íslandi hvetur öll sveitarfélög til að hafa til staðar starfsmann sem hefur umsjón með ungmennaráðinu. Tryggja þarf að umsjónin sé hluti af starfslýsingu viðkomandi og að gert sé ráð fyrir að starfsmaðurinn sinni henni í ákveðnu starfshlutfalli. Þannig á viðkomandi að vera tryggt nægilegt svigrúm og tími til þess að sinna sínum skyldum gagnvart ungmennaráðinu. Mikilvægt er að þetta sé mjög skýrt.

Hugmyndir að markmiðum starfsmanns

- ✓ Veita upplýsingar um málefni eftir bestu getu á barnvænu máli.
- ✓ Gefa ungmennaráðsliðum færi á að mynda eigin skoðanir og taka ákvarðanir út frá þeim.
- ✓ Halda utan um hópinn og passa að öllum líði vel.
- ✓ Vera í reglulegum samskiptum við bæði annað starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélagsins.

Er góð undirstaða í ungmennaráðinu?

Undirstaða ungmennaráða snýst um að ungmennin í ráðinu þekkist ágætlega innbyrðis, þekki boðleiðir innan sveitarfélagsins og viti hvernig ákvarðanatataka fer fram. Miklu máli skiptir að ungmennaráðsliðum líði vel innan síns ráðs og finnist þau örugg til þess að taka til máls og hafa sínar eigin skoðanir. Víða vantar frekari tækifæri til þess að læra um hvernig þau geta haft áhrif innan sveitarfélagsins. Ungmennaráðsliðar þurfa að vera meðvitaðir um tilgang og starfsemi ráðsins. Einnig hefur víða vantað upplýsingar um hvað hefur gerst í þeim málum eða verkefnum sem ungmennaráð hefur tekið þátt í, tekið fyrir eða lagt fram innan sveitarfélagsins.



Hvernig má tryggja að ungmennaráðið þekki vel til starfsemi sveitarfélagsins?

Gagnlegt væri fyrir ungmennaráð að fá kynningu á skipuriti sveitarfélagsins til þess að skilja betur hvernig á að koma málum í réttan farveg innan þess. Þetta skiptir máli svo ungmennaráðsliðar séu meðvitaðir um boðleiðir innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Ásamt því þá þurfa ungmennaráðsliðar að vera meðvitaðir um hvernig ákvarðanatöku fer fram innan sveitarfélagsins. Með því að þekkja ákvarðanatökuferlið vel getur ungmennaráð tekið þátt í því með auðveldum og skilvirkum hætti. Þetta hjálpar einnig ungmennaráðsliðum að skilja betur hvaða mál eru verkefni sveitarfélagsins, þ.a.l. þeirra verkefni, og hvað fellur undir verkefni ríkisins og er því ekki á borði sveitarfélagsins.

Hvernig er hægt að passa upp á að ungmennaráðsliðar þekkist innbyrðis og líði vel?

Gott getur verið fyrir ungmennaráð að hafa góða blöndu af bæði formlegum og óformlegum fundum eða hittingum. Hittingar þar sem ungmennaráðsliðar gera eitthvað skemmtilegt saman eru ekki síður mikilvægir heldur en formlegir fundir þar sem ákvarðanir eru teknar, oft er jafnvel hægt að blanda þessu tvennu saman. Þetta getur verið mikilvægur liður í því að mynda liðsheild innan ungmennaráðsins þar sem ríkir virðing og traust meðal meðlima þess.

Hefur ungmennaráðið raunverulegt vægi innan sveitarfélagsins?

Vægi ungmennaráða innan sveitarfélaga er jafn mismunandi og sveitarfélögin sjálf. Fyrir sum ungmennaráð getur verið erfitt að verða viðurkenndur hluti af stjórnsýslu sveitarfélagsins. Oft taka sveitarfélög mark á ungmennaráði og hlusta á þeirra sjónarmið af áhuga, en þrátt fyrir það getur vægi ungmennaráðsins verið lítið. Í sumum tilfellum virðast ungmennaráð svo aðeins vera til skrauts. Vægi ungmennaráða hefur þó aukist víðast hvar á undanförunum misserum og mörg ungmennaráð skipta miklu máli innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Þegar vel er að gáð þá eru í raun fá mál innan sveitarfélaga sem koma börnum og ungmennum ekki við og því ætti ungmennaráð í rauninni að taka þátt í flestum þeim ákvörðunum sem teknar eru innan sveitarfélagsins með einhverjum hætti.



Eru ungmennaráðsliðar metnir að sömu verðleikum og aðrir?

UNICEF þykir eðlilegt að meðlimir ungmennaráðs sveitarfélags fái greitt fyrir störf sín með sama hætti og meðlimir annarra ráða og nefnda innan sveitarfélagsins fá greitt fyrir sín störf eða fundarsetu. Ungmennaráðsliðar óska eftir þessu eins og sjá má í „ráð til ráðamanna“ á blaðsíðu 27. Með því að greiða ungmennaráðsliðum fyrir störf sín eykst vægi ungmennaráðsins innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Þá eykst þrýstingur á ungmennaráðsliða að sinna sínu starfi, þeim þykir starfið þeirra metið að frekari verðleikum og minni líkur eru á því að ungmennaráðið sé aðeins til skrauts. Ungmennaráðsliðar finna þá frekar fyrir því að mikilvægt er að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Jafnframt eykur þetta þrýsting á sveitarstjórn og önnur ráð og nefndir til að senda mál og frekari upplýsingar til ungmennaráðsins.

Reynslusaga frá Reykjanesbæ

Sumarið 2022 fékk Ólafur Bergur Ólafsson, umsjónarmaður ungmennaráðs Reykjanesbæjar, [ungmennaráðsmeðlimi til sín í sumarstarf](#). Um var að ræða samstarfsverkefni milli hans og vinnuskólans. Þau ungmenni sem áttu þá eftir eitt ár í ungmennaráði og höfðu áhuga, [fengu tækifæri til að vinna hjá ráðinu um sumarið](#) og undirbúa starfið vel fyrir haustið. Markmiðið er að þessi vinna verði stór hluti af því að ungmennaráðið haldi utan um ungmennaping, bæði fyrir Reykjanesbæ og á milli bæjarfélaga. Ólafur Bergur hvetur önnur sveitarfélög til að gera slíkt hið sama og bjóða ungmennaráðsliðum sumarstarf í ungmennaráðinu.

Ungmennaráð Reykjanesbæjar vinnur einnig að [fræðsluáætlun](#) þar sem lögð er áhersla á hvernig ráðið kemur sínum málum og skoðunum á framfæri. Ungmennaráðið vinnur að fræðsluáætluninni ásamt bæjarstjórn Reykjanesbæjar og starfsfólki sveitarfélagsins. Með fræðsluáætluninni er [reynt að tryggja skýran verkferil](#) sem segir til um það hvernig upplýsingum er komið á framfæri á milli sveitarfélagsins og ráðsins, ásamt því að öll samskipti milli meðlima ráðsins og kjörinna fulltrúa eru skráð á einhvern hátt til þess að tryggja öryggi og gagnsæi.

Er ferli til staðar sem tryggir miðlun á skoðunum ungmennaráðsins? Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum ungmennaráðsins?

UNICEF á Íslandi vill hvetja bæði ungmennaráð og sveitarfélög til þess að hafa skýra ferla sem segja til um það hvernig skoðanir barna og ungmenna eru sóttar, hvernig þeim er komið á framfæri til viðeigandi aðila, hvernig er unnið úr þeim og síðast en ekki síst hvernig ungmennin geta fylgst með framgangi málsins. Gott er að hafa til staðar virkan og sýnilegan vettvang þar sem börn og ungmenni geta komið skoðunum sínum á framfæri.

UNICEF hvetur nefndir sveitarfélagsins og sveitarstjórn til þess að leita með markvissum hætti eftir skoðunum ungmennaráðsins í öllum málum sem varða börn. Ein af mörgum mögulegum leiðum er að sveitarstjórn sendi ungmennaráði dagskrá næsta fundar og veiti ráðinu þannig tækifæri til þess að senda inn athugasemdir um mál áður en fundur er haldinn. Með þeim hætti geta sveitarstjórn og aðrar nefndir eða ráð, borið undir ungmennaráð fjölda málefna og tryggt þátttöku barna í málum sem varða þau. Þannig er hægt að ræða einstaka mál með punkta frá ungmennaráði til hliðsjónar á fundum. Ungmennaráð getur vakið athygli sveitarstjórnar á þessu og sótt um að fá þessar upplýsingar fyrst um sinn. Fljótlega getur þetta verið hluti af almennu verklagi og samtali milli sveitarstjórnar og ungmennaráðs.

Hver eru umsvif ungmennaráðsins?

Með umsvifum ungmennaráðs er átt við að ungmennaráðið sé virkt og að meðlimir þess séu sáttir við afkastagetu ráðsins. Flest ungmennaráð funda með reglulegu millibili þar sem fundir eru boðaðir með góðum fyrirvara og ekki á þeim tíma þar sem ungmennti hafa öðrum skyldum að gegna eins og að mæta í skólann, á íþróttæfingar eða í tónlistarskólann. Með því að skapa aðstæður fyrir ráðið til þess að halda opna fundi er hægt að auka tækifæri allra barna í sveitarfélaginu á þátttöku.



Hver er sýnileiki ungmennaráðsins í sveitarfélaginu?

UNICEF ráðleggur ungmennaráðinu að vera meðvitað um mikilvægi þess að skapa tækifæri fyrir öll börn og ungmenni í sveitarfélaginu á að kynnast starfi ráðsins, t.d. með opnum fundum, myndböndum eða á samfélagsmiðlum. Ásamt því er einnig gott fyrir aðra íbúa sveitarfélagsins, óháð aldri, að þekkja til og vita um starfsemi ungmennaráðsins.

Skýr rammi ungmennaráðs

- Framkvæmdaáætlun, t.d. til næstu tveggja ára.
- Reglubundnir fundartímar.
- Erindisbréf ungmennaráðs.
- Fundarboð með dagskrá fundar og fundargögnum sent með góðum fyrirvara.
- Skýr fundargerð þar sem samþykktir koma fram og hver ber ábyrgð á hverju.

Hvernig er fundum ungmennaráðsins háttað?

UNICEF á Íslandi hvetur ungmennaráð til þess að hafa skýran ramma í kringum starfsemi sína, þ.á.m. hvað fundarboð, dagskrá fundar, fundargerðir og setu á fundum varðar.

Mikilvægt er að skýrt sé hver ber ábyrgð á því að boða fundi, hvort sem um ræðir starfsmann eða formann ráðsins. Skipulag á formlegum fundum ráðsins þarf að vera skýrt en gott getur verið að hafa slíkt á ábyrgð starfsmanns sem sér um ungmennaráðið og/eða formanni ráðsins. Með því að senda dagskrá fundar og öll gögn með fundarboði er hægt að tryggja að ungmennin í ráðinu séu betur undirbúin og upplýst fyrir umræður á fundum. Á blaðsíðu 19 má sjá dæmi um fundarboð með dagskrá fundar.

Ungmennaráð, líkt og önnur ráð og nefndir sveitarfélaga, þurfa að rita fundargerðir sem innihalda upplýsingar um hverjir sátu fundinn og hvaða ákvarðanir voru teknar á fundinum. Tilgangur fundargerða er að halda utan um starfsemi ráðsins en þær geta verið markviss og auðveld leið til þess. Gott gæti verið fyrir starfsemi sveitarfélagsins að hafa þær aðgengilegar ásamt öðrum fundargerðum á vefsíðu sveitarfélagsins. Með þeim hætti er ungmennaráðið að tryggja gagnsæi ráðsins og þannig geta aðrar nefndir innan sveitarfélagsins fylgst vel með ákvörðunum og því sem ungmenni hafa að segja um ákveðin mál sem tekin eru fyrir innan sveitarfélagsins. Ungmennaráð getur óskað eftir aðstoð eða kennslu frá þeim sem sér um slíkt innan sveitarfélagsins. Þannig er hægt að gera fundargerðir með sama hætti og fundargerðir annarra ráða og nefnda innan sveitarfélagsins. Á blaðsíðu 20 í handbókinni er einnig hægt að nálgast dæmi um fundargerð.

UNICEF á Íslandi leggur til að ungmennin í ráðinu skipti með sér verkum milli funda ef ekki eru til staðar ákveðnar verkaskiptingar innan ráðsins, þ.e. hver stýrir fundi og hver ritar fundargerð.

Dæmi um fundarboð með fundardagskrá

Hæ öll!

Nú er komið að ungmennaráðsfundi mánaðarins. Fundurinn verður haldinn í stóra fundarsalnum á sveitarstjórnarskrifstofunni við Suðurgötu 1a, miðvikudaginn 29. febrúar kl. 16:30.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi en nálgast má öll gögn sem þarf til undirbúnings í viðhengi.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður og starfsmaður kynna mál frá sveitarstjórn til umræðu.
3. Umræða um hlutverk og starfsemi ungmennaráðsins næsta árið.
4. Önnur mál.

Vinsamlegast látið mig vita sem fyrst ef þið komist ekki á fundinn eða ef þið eruð með eitthvert mál sem þið viljið ræða undir Önnur mál.

Bestu kveðjur,
Hallgerður Höskuldsdóttir
Formaður ungmennaráðsins

Fundargerð 13. ungmennaráðsfundar

29. febrúar kl. 16:30

Suðurgata 1A

Fundinn sátu: Hallgerður Höskuldsdóttir (HL) formaður, Egill Skallagrímsson (ES) ritari, Gunnar Jón Hámundarson (GJH), Ingólfur Arnarson (IA), Auður Ketilsdóttir (AK), Þorgerður Brák Hallgrímsdóttir (ÞBH) og Jóna Sigurðardóttir (JS).

Starfsmaður: Jónas Hallgrímsson (JH).

Fundargerð rita: ES og JH

HL setur fundinn kl. 16:34

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

2. Formaður og starfsmaður kynna mál frá sveitarstjórn til umræðu.

2.1. HL kynnir til umræðu deiliskipulag á íþróttasvæði. Sveitarstjórn óskar eftir athugasemdum frá ungmennaráði.

Til máls tóku: GJH, AK, JS og ÞBH

Ungmennaráð ákveður að fara yfir tillögur að nýju deiliskipulagi á íþróttasvæði og leggja fram sínar athugasemdir og breytingatillögur fyrir næsta sveitarstjórnarfund þann 15. mars nk.

2.2. JH kynnir til umræðu Barnaþing sem haldið verður í haust.

Til máls tóku: GJH og HL

Ungmennaráðið samþykkir að taka virkan þátt í skipulagningu þingsins.

3. Umræða um hlutverk og starfsemi ungmennaráðsins næsta árið.

HL og ES leggja til að þau geri drög að framkvæmdaáætlun ráðsins sem lögð yrði fyrir ráðið til umræðu á næsta fundi. GJH og IA bjóða sig fram til þátttöku í skrifum á drögum.

AK bendir á að framkvæmdaáætlun gæti einnig innihaldið samfélagsmiðlaplan.

Ungmennaráð samþykkir samhljóða að HL, ES, GSH og IA skrifi drög að framkvæmdaáætlun og beri undir ráðið fyrir næsta fund.

4. Önnur mál.

4.1. ÞBH leggur til að ungmennaráðið haldi fljótlega skemmtikvöld og reyni þannig að ná til fleiri hópa barna og ungmenna sveitarfélagsins.


Ungmennaráð samþykkir samhljóða, ÞBH tekur að sér skipulagningu.

Fundi slitið kl. 17:28

Er góð eftirfylgni með þeim málum sem ungmennaráðið varða?

Meðlimir ungmennaráða verða að vera meðvitaðir um hvað verður um þau mál sem fara frá þeirra borði. Líkt og í mörgu öðru þá hefur þetta verið mismunandi milli sveitarfélaga. Mikilvægt er að festa í sessi ákveðið verklag er varðar eftirfylgni.





Hvernig er hægt að tryggja eftirfylgni í þeim málum sem ungmennaráðið tekur fyrir?

UNICEF á Íslandi hvetur ungmennaráð til þess að finna sér góðan verkferil hvað eftirfylgni með málum varðar. Þannig er hægt að mynda góða rútínu sem verður fljótt hluti af sjálfsagðri starfsemi ráðsins. Ungmennaráðið getur m.a. kynnt sér hvernig önnur ráð og nefndir afla upplýsinga um þau mál sem eru á þeirra borði; oftast en ekki snýst þetta um góð og virk samskipti við starfsfólk sveitarfélagsins ásamt því að fylgjast vel með fundum sveitarstjórnar og/eða annarra ráða og nefnda. Hægt er jafnvel að óska eftir upplýsingum um tiltekin mál og hvar þau standa með því að senda beiðni til sveitarstjórnar. Dæmi um verkferil má sjá hér á blaðsíðunni á undan.

Hvernig geta meðlimir ungmennaráðsins verið vissir um að þeirra mál fari lengra?

UNICEF á Íslandi undirstrikar mikilvægi þess að börn og ungmenni fái að vita hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði.

Umsjónarmaður eða starfsmaður ungmennaráðsins getur fylgst með fundargerðum sveitarstjórnarfunda eða annarra nefndarfunda og athugað hvort málið hefur verið tekið fyrir. Einnig geta ungmennaráð óskað eftir minnisblaði sem inniheldur upplýsingar um stöðu mála frá fulltrúa úr sveitarstjórn.

Eftirfylgni hjálpar börnum og ungmennum að:

- ✓ finnast þau og þeirra viðhorf virt
- ✓ finna fyrir því að hlustað sé á þau og að skoðanir þeirra séu viðurkenndar
- ✓ finna að þátttaka þeirra sé ekki bara táknræn
- ✓ skilja hvernig ákvarðanir eru teknar
- ✓ skilja hvaða skorður eru til staðar og vera meðvituð um þær takmarkanir sem tillögur þeirra gætu haft
- ✓ læra hvernig á að móta tillögur og umsagnir
- ✓ þekkja betur hvað felst í lýðræðislegri þátttöku út ævina

Hvernig er samsetning ráðsins?

Val á þátttakendum í ungmennaráði þarf að vera viðeigandi og án mismununar. Því er mikilvægt að líta til ákveðinna þátta sérstaklega og hafa þá í huga við val á þátttakendum í ungmennaráð. Samráð við fjölbreyttan hóp barna og ungmenna, og þátttöku þeirra, er hægt að tryggja með vel samsettu ungmennaráði.



Hvernig getur ungmennaráðið tryggt að fjölbreyttar skoðanir og sjónarmið komi fram?

Víða hafa barna-, skóla- eða ungmennapíng verið haldin sem er til fyrirmyndar og er einmitt vettvangur þar sem auðvelt er að tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa barna og ungmenna. Ungmennaráð þurfa einnig að hafa í huga að funda á stöðum sem eru aðgengilegir fötluðum börnum og ungmennum, þeim sem búa langt í burtu frá fundarstað eða öðrum sem hafa ekki greitt aðgengi að fundarstað. Sum ungmennaráð vantar leiðir til þess að vera í samráði við önnur börn, þ.e. börn utan ungmennaráðsins.

Reynslusaga frá Akureyrarbæ

Í ungmennaráði Akureyrarbæjar eru meðlimir ráðsins gríðarlega meðvitaðir um að þau séu ekki aðeins sín eigin rödd heldur **rödd allra barna og ungmenna** á Akureyri. Þau reyna því aktíft að passa upp á að mismunandi skoðanir og sjónarmið komi fram, ekki aðeins þeirra eigin. Ungmennaráð Akureyrarbæjar leggur sig fram við að fá **skoðanir og álit annarra barna og ungmenna** í bæjarfélaginu, með því m.a. að senda kannanir og sækjast eftir áliti ungmenna sem þekkja til málefnsins eða hafa hagsmuna að gæta. Öll sem eru á aldrinum 13-18 með lögheimili í Akureyrarbæ geta sótt um í ungmennaráðið með nafnlausri umsókn sem inniheldur röksemdarfærslu um af hverju þau vilja taka þátt í ungmennaráði, hver markmið þeirra eru og hver þau eru sem manneskjur. Ásamt því kemur fram í umsókninni kyn, aldur og skóli. Ungmennaráðið kýs fulltrúa með **þessa þætti og aðra jaðarhópa í huga**. Síðasti liðurinn í umsóknarferlinu er mjög spennandi og vinsæll vegna þess hve vel hann er auglýstur á samfélagsmiðlum ráðsins. Aftur á móti er það ósk ungmennaráðsins að einn daginn verði ungmennaráðsliðar að fara í framboð og að öll börn og ungmenni á Akureyri fái tækifæri til þess að kjósa sinn fulltrúa í ráðið.

Leiðin að vel samsettu ungmennaráði

1. Viðeigandi → Tryggja að ungmenni og börn sem hafa reynslu af tilteknu máli séu með í ráðum.
2. Kyn → Tryggja skal eftir bestu getu jafnt kynjahlutfall.
3. Aldur → Skýr aldursrammi sem er ekki of breiður eða 13-18 ára.
4. Fjölbreytileiki → Eins fjölbreyttur hópur og hægt er. Hafa sérstaklega í huga uppruna, búsetu, fjárhagsstöðu, fötlun, kynhneigð, kyn og aldur. Sérstaklega þarf að sækjast eftir þátttöku ungmenna í jaðarhópum þar sem ungmenni í forrættindastöðu eiga jafnan auðveldara með að taka þátt.

Geta sem flest ungmenni í sveitarfélaginu tekið þátt með einum eða öðrum hætti?

UNICEF leggur til að leiðir verði skapaðar fyrir ungmennaráðið að leita eftir skoðunum fleiri barna en þeirra sem sitja í ráðinu. Það má til dæmis gera með því að vera sýnileg þar sem börn eru svo sem í skólum, á frístundaheimilum, í félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum, vinnuskólum á vegum sveitarfélaga og samfélagsmiðlum.

Hvers vegna aldurinn 13-18 ára?

Það er mikilvægt að ungmennaráð sé með skýran aldursramma sem er ekki of breiður. UNICEF leggur til að ungmennaráð sé aðeins fyrir þau sem eru á aldrinum 13-18 ára. Þannig er ungmennaráðið samsett af þeim íbúum sveitarfélagsins sem hafa ekki kosningarétt en nýta sér mikið þjónustu sveitarfélagsins og ættu því að fá tækifæri til að tjá sig um málefnið sem varðar þau. Ef aldursrammi ungmennaráðs er of breiður getur það skapað valdaójafnvægi innan ráðsins. Hætta er á að raddir þeirra sem yngri eru fái síður að heyrast.

Ráð ungmenna til ráðamanna

1. Ungmennaráð skal vera upplýst um það sem framundan er í sveitarfélaginu.
2. Mál sem varða börn og ungmenni skulu vera lögð fyrir ungmennaráð áður en ákvarðanir eru teknar. Önnur mál má einnig senda til umsagnar hjá ungmennaráði.
3. Tryggja þarf aðgengi ungmennaráðs að upplýsingum á barnvænu máli.
4. Tryggja þarf ungmennaráði fræðslu, m.a. um rétt barna til þátttöku, hvernig stjórnsýsla sveitarfélagsins virkar og þjálfun í því að nýta rödd sína.
5. Bera þarf virðingu fyrir börnum og ungmenum og hugmyndir þeirra skulu teknar alvarlega.
6. Ungmennaráð ættu að fá fleiri tækifæri til þess að koma inn á sveitarstjórnarfundi og eiga áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum.
7. Kynna þarf starf ungmennaráðsins betur bæði fyrir börnum og fullorðnum.
8. Ungmenni ættu að fá greitt fyrir fundarsetu með sama hætti og aðrir.
9. Fundartímar, t.d. hjá ráðum og nefndum, þurfa að henta börnum. Passa þarf að börnin sem sækja eiga fundinn séu ekki í skóla eða með aðrar skuldbindingar á fundartíma.
10. Sveitarfélög ættu að tryggja eftirfylgni. Ungmennaráð ætti að fá að vita hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði og ef hugmyndir þeirra voru ekki framkvæmdar þarf að útskýra hvers vegna.
11. Mikilvægt er að ráðamenn séu heiðarlegir, ekki bara „næs“.
12. Verkefni sem snúa að börnum og ungmenum ættu að vera vel fjármögnuð.

Á vormánuðum 2022 stóð UNICEF á Íslandi fyrir vinnustofum um merkingarbæra þátttöku barna fyrir ungmennaráð í Barnvænum sveitarfélögum. Haldnar voru fimm vinnustofur: í Reykjavík, á Flúðum, á Egilsstöðum og á Akureyri og var þátttaka góð. Á vinnustofunum settu ungmennin saman ráð sem þau vonast til að ráðamenn taki til sín. Ráðin voru sett saman af eftirtöldum ungmennaráðum: ungmennaráði Akureyrarbæjar, ungmennaráði Akraneskaupstaðar, ungmennaráði Borgarbyggðar, ungmennaráði Fjarðabyggðar, ungmennaráði Hafnarfjarðarbæjar, ungmennaráði Hrunamannahrepps, ungmennaráði Kópavogsbæjar, ungmennaráði Mosfellsbæjar, ungmennaráði Múlaþings, ungmennaráði Rangárþings eystra, ungmennaráði Reykjanesbæjar, ungmennaráði Vopnafjarðarhrepps og ungmennaráði Ölfuss.

Hjálplegir tenglar og heimildir

Child and Youth Councils: Guidance to Support Meaningful Participation, UNICEF (2022).

Guidance on Consultations with Young People, UNICEF (2022).

Hagnýt ráð þegar ungmenni eru boðuð á fund. Umboðsmaður barna.

Lundy, L. (2007) Voice is not enough: Conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child. *British Educational Research Journal*, 33(6) bls. 927-942. Belfast: Routledge.

Must Do's for Consultations with Young People, UNICEF (2022).

Verkfærakista ungmennafélaga: Allt sem þú þarft til að efla félagasamtök, LUF.

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir. (2020). „Ekkert um okkur án okkar“: Samráð við börn í íslenskri stjórnsýslu. Greining út frá þátttökulíkani Laura Lundy. | Skemman

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir. (2017). Handbók ungmennaráða sveitarfélaga. SASS.